



Reykjavík, 19. júní 2024  
USK24050269

## Hestháls 6-8– Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júní 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. júní 2024 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050248 með því að byggja viðbyggingu 0105 sem lyftarageymslu í húsi nr. 6-8 við Hestháls



*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Deiliskipulag*



*Loftmynd af svæðinu*

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Hálsar – Atvinnusvæði

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hálsahverfi, samþykkt í borgarráði 26.9.2000 ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Um er að ræða breytingar við Hestháls 6-8. Sótt er um að breyta innra skipulagi í austurenda hússins, rífa vindfang á 1. hæð og byggja skýli yfir lyftara á norðurhlíð hússins. Einnig er sótt um að klæða húsið að utan með sléttum 4 mm álplötum.


Viðbygging er 20,7 m<sup>2</sup> að flatarmáli Viðbygging II er 75,1 m<sup>2</sup> að flatarmáli og 352,6 m<sup>3</sup> að rúmmáli.

Nýtingarhlutfall á lóð eftir stækkun er 0,42.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hámarks nýtingarhlutfall lóðar 0,7. Viðbyggingarnar sem um ræðir eru báðar innan byggingarreits í deiliskipulagi.



Reykjavík



### Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

### f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík